



Samanburður á fjölda tilkynninga til  
barnaverndarþjónusta á árunum  
2020 - 2022

**Mars 2023**

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarþjónustur<sup>1</sup> sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegum upplýsingum varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu árána 2020, 2021 og 2022. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði um 3,2% á árinu 2022 miðað við árið á undan en um 4,2% ef miðað er við árið 2020. Fjöldi tilkynninga á árinu 2022 voru 13.694. Fjöldi tilkynninga í Reykjavík og höfuðborgarsvæði var nánast sá sami árið 2022 og hann var árið 2021 en tilkynningum hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin 2 ár á landsbyggð.

Flestar tilkynningar á árinu 2022 voru vegna vanrækslu á börnum eða 43,3% allra tilkynninga og er það svipað hlutfall og árið 2020. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2022 var 27,3%, og hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 28,8% á árinu. Fyrir COVID-19 voru næstflestar tilkynningar almennt vegna áhættuhegðunar barna og unglunga, en breyttist við faraldurinn þegar fleiri tilkynningar vegna ofbeldis fóru að berast. Nú hefur sú þróun snúist við og áhættuhegðun aftur orðið næststærsti flokkur tilkynninga. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 0,6% sem er talsvert lægra hlutfall en fyrri ár.

Tilkynningum vegna vanrækslu á börnum á árinu 2022 fjölgaði um 5,5% frá árinu áður. Helst fjölgaði tilkynningum vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit (5%) en að öðru leyti var fjöldi tilkynninga í öllum undirflokkum svipaður og árin 2021 og 2020.

Tilkynningum vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2022 fækkaði um 2,4% miðað við árið á undan en var svipaður og árið 2020. Tilkynningum vegna tilfinningalegs ofbeldis fækkaði árið 2022 miðað við árið 2021 og 2020 en aftur á móti fjölgaði tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis. Árið 2022 bárust 1.083 tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis en eru það 12% fleiri tilkynningar en bárust árið 2021 og 19,5% fleiri en bárust árið 2020.

Frá áramótum hefur sískráning barnaverndarþjónusta verið unnin samkvæmt uppfærðu Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd en nú er skráð sérstaklega ef tilkynning er vegna líkamlegs ofbeldis af hendi náins aðila. Árið 2022 voru 31% tilkynninga sem bárust vegna líkamlegs ofbeldis af hendi náins aðila. Þar sem um nýja skráningu er að ræða eru sambærilegar tölur ekki til fyrir fyrri ár. Slíkt hið sama á við um tilkynningar vegna kynferðisofbeldis. 197 tilkynningar um kynferðisofbeldi af 693 eru vegna ofbeldis af hálfu náins aðila eða 28,4%. Þá hefur Barna- og fjölskyldustofa hafið að skrá tilkynningar vegna stafræns kynferðisofbeldis. Alls bárust 62 tilkynningar árið 2022 vegna stafræns kynferðisofbeldis, og er það um 8,9% allra tilkynninga vegna kynferðisofbeldis.

---

<sup>1</sup> Um mitt ár 2021 varð lagabreyting og barnaverndarnefndir nú kallaðar barnaverndarþjónustur. Einhver breyting hefur orðið á umdæmum barnaverndarþjónusta frá því sem var en hefur ekki áhrif á samanburð þennan við fyrri ár.

Tilkynningum vegna áhættuhegðunar fjölgaði um 6% árið 2022 miðað við árið á undan. Þá munar helst um tilkynningar vegna neyslu á fíkniefnum, vegna erfiðleika barns í skóla og þar sem barn beitir ofbeldi. Tilkynningum vegna neyslu á fíkniefnum fjölgaði um 9,4% árið 2022 miðað við árið 2021 sem og árið 2020. Árið 2022 bárust 397 tilkynningar vegna erfiðleika barns í skóla eða þar sem skólasókn var áfátt. Er það rúmlega 33% fleiri tilkynningar en bárust árið 2021 en 60% fleiri tilkynningar ef miðað er við árið 2020. Þá bárust 952 tilkynningar vegna barns sem beitir ofbeldi árið 2022. Eru það 8,3% fleiri tilkynningar en árið á undan en 28.3% fleiri tilkynningar en bárust árið 2020.

Með breytingum á skilgreiningar- og flokkunarkerfinu í barnavernd hefur verið bætt við tveimur flokkum tilkynnenda: *annað nærumhverfi barns* og *íþróttir og tómstundastarf*. Gefur slík skráning betri mynd af því nærumhverfi barns sem tilkynnir. Til að mynda var samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi 2.133 árið 2022 eða 15,6% allra tilkynninga.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 36,7% tilkynninga á árinu 2022. Er það lægra hlutfall samanborið við fyrri ár. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu hefur farið fjölgandi og töldu tilkynningar frá þessum tveimur stofnunum alls 26,6% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2022 var 10.781 barn, en árið á undan voru þau 10.715 og 10.400 börn árið 2020. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

### Fjöldi tilkynninga eftir kynjum

Kyn	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	7.188	54,7	7.105	53,6	7.393	54,0
Stúlkur	5.816	44,2	6.051	45,6	6.206	45,3
Stálp <sup>1</sup>	2	0,1	7	0,1	11	0,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	136	1,0	101	0,8	84	0,6
<b>Samtals</b>	<b>13.142</b>	<b>100</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019


<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum

Landsvæði	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	5.318	40,5	4.954	37,4	4.953	36,2
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	3.500	26,6	3.600	27,1	3.616	26,4
Landsbyggð	4.324	32,9	4.710	35,5	5.125	37,4
<b>Samtals</b>	<b>13.142</b>	<b>100</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum



<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.913	37,6	3.830	35,7	3.684	34,2
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	2.870	27,6	2.898	27,1	2.874	26,6
Landsbyggð	3.617	34,8	3.987	37,2	4.223	39,2
<b>Samtals</b>	<b>10.400</b>	<b>100</b>	<b>10.715</b>	<b>100</b>	<b>10.781</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	5.714	55,0	5.724	53,4	5.832	54,1
Stúlkur	4.600	44,2	4.895	45,7	4.863	45,1
Stálp <sup>1</sup>	0	0,0	8	0,1	11	0,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	86	0,8	89	0,8	75	0,7
<b>Samtals</b>	<b>10.400</b>	<b>100</b>	<b>10.715</b>	<b>100</b>	<b>10.781</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Ákveðið var að hefja könnun<sup>2</sup></b>	<b>7.289</b>	<b>70,1<sup>1</sup></b>	<b>7.410</b>	<b>69,2<sup>1</sup></b>	<b>6.977</b>	<b>64,7</b>
<i>Drengir</i>	3.860	53,0	3.807	51,4	3.658	52,4
<i>Stúlkur</i>	3.360	46,1	3.554	48,0	3.265	46,8
<i>Stálp eða ekki vitað<sup>3</sup></i>	69	0,9	49	0,6	54	0,8
<b>Þar af nýjar kannanir</b>	<b>3.216</b>	<b>30,9<sup>1</sup></b>	<b>3.532</b>	<b>33,0<sup>1</sup></b>	<b>3.572</b>	<b>33,1</b>
<i>Drengir</i>	1.640	51,0	1.755	49,7	1.845	51,7
<i>Stúlkur</i>	1.537	47,8	1.731	49,0	1.697	47,5
<i>Stálp eða ekki vitað<sup>3</sup></i>	39	1,2	46	1,3	30	0,8

<sup>1</sup> Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

<sup>2</sup> Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

<sup>3</sup> Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

## Ástæður tilkynninga<sup>1</sup>

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla á börnum	5.670	43,1	5.614	42,3	5.922	43,3
Ofbeldi gegn börnum	3.765	28,6	3.827	28,9	3.735	27,3
Áhættuhegðun barna	3.554	27,1	3.714	28,0	3.942	28,8
Vegna ófædds barns	151	1,1	102	0,8	84	0,6
<b>Alls</b>	<b>13.142</b>	<b>100</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Auk þeirra tilkynninga sem hér koma fram, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju á árinu 2020, sjó á árinu 2021 og 11 á árinu 2022. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.

### Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkum t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla á börnum undirflokkar	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>5.670</b>		<b>5.614</b>		<b>5.922</b>	
<i>Drengir</i>	2.924	51,6	2.930	52,2	3.160	53,4
<i>Stúlkur</i>	2.746	48,4	2.684	47,8	2.761	46,6
Líkamleg vanræksla	249		236		241	
<i>Drengir</i>	129	51,8	128	54,2	133	55,2
<i>Stúlkur</i>	120	48,2	108	45,8	108	44,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	5.026		4.900		5.148	
<i>Drengir</i>	2.579	51,3	2.584	52,7	2.740	53,2
<i>Stúlkur</i>	2.447	48,7	2.316	47,3	2.408	46,8
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	2.114		2.006		1.946	
<i>Drengir</i>	1.055	49,9	1.065	53,1	1.034	53,1
<i>Stúlkur</i>	1.059	50,1	941	46,9	912	46,9
Vanræksla varðandi nám	239		266		267	
<i>Drengir</i>	148	61,9	120	45,1	137	51,3
<i>Stúlkur</i>	91	38,1	146	54,9	130	48,7
Tilfinningaleg vanræksla	438		416		382	
<i>Drengir</i>	242	55,3	199	47,8	204	53,4
<i>Stúlkur</i>	196	44,7	217	52,2	178	46,6

Ofbeldi gegn börnum undirflokkar	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Ofbeldi</b>	<b>3.765</b>		<b>3.827</b>		<b>3.735</b>	
<i>Drengir</i>	1.873	49,7	1.843	48,2	1.732	46,4
<i>Stúlkur</i>	1.892	50,3	1.984	51,8	2.003	53,6
Tilfinningalegt ofbeldi	2.448		2.245		2.030	
<i>Drengir</i>	1.251	51,1	1.139	50,7	969	47,7
<i>Stúlkur</i>	1.197	48,9	1.106	49,3	1.061	52,3
Þar af hálfu náins aðila <sup>1</sup>	1.167		1.171		849	
<i>Drengir</i>	623	53,4	600	51,2	394	46,4
<i>Stúlkur</i>	544	46,6	571	48,8	455	53,6
Líkamlegt ofbeldi	906		965		1.083	
<i>Drengir</i>	522	57,6	562	58,2	640	59,1
<i>Stúlkur</i>	384	42,4	403	41,8	443	40,9
Þar af hendi náins aðila <sup>2</sup>	-	-	-	-	337	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	192	57,0
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	145	43,0
Kynferðisofbeldi	515		720		693	
<i>Drengir</i>	145	28,2	195	27,1	164	23,7
<i>Stúlkur</i>	370	71,8	525	72,9	529	76,3
Þar af hendi náins aðila <sup>2</sup>	-	-	-	-	197	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	37	18,8
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	160	81,2
Þar af stafrænt kynferðisofbeldi <sup>2</sup>	-	-	-	-	62	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	15	24,2
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	47	75,8


<sup>1</sup>Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila

<sup>2</sup>Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.



Áhættuhegðun barna, undirflokkar	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>3.554</b>		<b>3.714</b>		<b>3.942</b>	
<i>Drengir</i>	2.379	66,9	2.333	62,8	2.502	63,5
<i>Stúlkur</i>	1.175	33,1	1.381	37,2	1.440	36,5
Neysla barns á vímuefnum	597		595		651	
<i>Drengir</i>	369	61,8	358	60,2	375	57,6
<i>Stúlkur</i>	228	38,2	237	39,8	276	42,4
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.318		1.277		1.260	
<i>Drengir</i>	729	55,3	600	47,0	587	46,6
<i>Stúlkur</i>	589	44,7	677	53,0	673	53,4
Afbrot barns	774		774		772	
<i>Drengir</i>	599	77,4	559	72,2	592	76,7
<i>Stúlkur</i>	175	22,6	215	27,8	180	23,3
Barn beitir ofbeldi	742		879		952	
<i>Drengir</i>	614	82,7	718	81,7	798	83,8
<i>Stúlkur</i>	128	17,3	161	18,3	154	16,2
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	248		298		397	
<i>Drengir</i>	142	57,3	150	50,3	214	53,9
<i>Stúlkur</i>	106	42,7	148	49,7	183	46,1

## Ástæður tilkynninga



## Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu

	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu<sup>1</sup></b>	<b>881</b>		<b>743</b>		<b>806</b>	
<i>Drengir</i>	448	50,9	368	49,5	402	49,9
<i>Stúlkur</i>	411	46,7	351	47,3	398	49,4
<i>Stálp eða ekki vitað<sup>2</sup></i>	22	2,5	24	3,2	6	0,7

<sup>1</sup> Fram til áramóta 2020-2021 var þessi skráning byggð á mati tilkynnanda, þ.e. hversu oft tilkynnandi taldi tiltekið barn í hættu. Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

<sup>2</sup> Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

## Tilkynnendur

	2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	68	0,5	77	0,6	65	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	755	5,7	708	5,3	665	4,9
Nágrannar	1.032	7,9	796	6,0	657	4,8
Annað nærumhverfi barns <sup>1</sup>	-	-	-	-	746	5,4
Önnur barnaverndarþjónusta	234	1,8	169	1,3	207	1,5
Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð	336	2,6	386	2,9	450	3,3
Lögregla	5.103	38,8	5.081	38,3	5.032	36,7
Skólaþjónusta	1.573	12,0	1.846	13,9	2.010	14,7
Leikskóli/dagforeldri	247	1,9	234	1,8	209	1,5
Íþróttir og tómstundarstarf <sup>1</sup>	-	-	-	-	71	0,5
Heilbrigðisþjónusta	1.306	9,9	1.442	10,9	1.628	11,9
Foreldrar barns	993	7,6	1.042	7,9	990	7,2
Aðrir	1.495	11,4	1.483	11,2	964 <sup>2</sup>	7,0
<b>Samtals</b>	<b>13.142</b>	<b>100</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

<sup>2</sup>Fyrir áramót 2022 flokkaðist *annað nærumhverfi barns* og *íþróttir og tómstundastarf* undir flokkinn *annað* en er nú talið sérstaklega. Hér er því ekki um að ræða fækkun á milli ára.